

1872.

eru 246 rd. 61 sk. og bjarglaun nefndra skipstjórnarmanna. Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtíð það fulltrúa hinna ensku skipstjórnarmanna, er björguðu skipinu á Íslandi. 3. janúar.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skrásetning og mælingar skipa. 12. janúar.

Aðalskattastjórnin hefir leidd athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að stundum væri hagfellt, með því póstgufuskipið lægi hér svo stuttan tíma við land, að gjörðir og skjöl viðvíkjandi skrásetning íslenzkra skipa, yrði send beint til sín, án þess að dómsmálastjórnin tæki fyrst við þeim. Með því nú má álíta, að með þessu sè og fullnægt því, sem fyrir er mælt í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa, 25. júní 1869, 10. gr., þar sem aðalskattastjórninni er falið á hendur með konungsúrskurði 31. maí 1870 að standa fyrir skipa-skrásetningum og mælingum á Íslandi, mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, eptirleidis sendið tæðar gjörðir beint til aðalskattastjórnarinnar, og skrifist á við hana sjálfa um þessi mál.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrk úr lækna sjóðnum handa sjúkrahúsinu í Reykjavík¹. 13. janúar.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 6. septbrm. f. á., er það allramildilegast samþykkt með úrskurði 8. þ. m., samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, að sjúkrahúsi því, sem stofnað er í Reykjavík, verði framvegis veittur 400 rd. árlegur

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 323.

1872.

13. janúar.

styrkur af hinum íslenzka lækna sjóði í 5 ár, frá 6. októbr. f. á., og að það skuli vera laust við, að gjalda vöxtu af láni því uppá 1000 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 26. febrúarm. 1866 var veitt úr tæðum sjóði, sömuleiðis fyrir 5 ár, frá 11. júní þ. á.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háeruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það og gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf.

19. janúar.

4. Bréf dómstjórinnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um brot gegn íslenskum lögum um verzlun og fiskiveiðar¹.

Í bræfi 17. nóvbr. f. á. hafíð þér, herra amtmaður, skýrt frá, að nokkuð af salti, er lá í húsi nokkru, sem *S. Allenou* frá Frakklandi á í Grundarfirði, hafi fyrir nokkru síðan verið tekið lögtaki, sem veð fyrir ógoldnu lestagjaldi af frakkneskum skipum nokkrum, en salt þetta hafi þegar rýrnað talsvert, og mundi rýrna enn meira, ef það lægi þar lengur, en á hinn bóginn gæti það ekki borgað sig að flytja saltið í annað hús, og hafíð þér því borið upp þá spurningu, hvort amtið skuli gjöra nokkra ráðstöfun til þess að selja saltið.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þér sjáið um, að vörur þessar, sem teknar hafa verið lögtaki, verði seldar við opinbert uppboð svo fljótt sem orðið getur, og væntum vèr að fá skýrslu frá yður um það, þegar að því kemur.

22. janúar.

5. Bréf dómstjórinnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um ráðstafanir til að varna óspektum enskra fiskimanna.

Dómstjórinn gefur yður (tit.) til vitundar, yður til leiðbeiningar, að utanríkisstjórinn hefir skýrt frá, að verzlunarráðið

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands II., 611.